



INNKAUPASTEFNA OG -REGLUR BETRI SAMGANGNA OHF.

Dagsetning: 13.3.2025

1. gr. Stefna

Það er stefna Betri samgangna ohf. að beita útboðum og öðrum gagnsæjum innkaupaferlum við innkaup. Gæta skal jafnræðis og hagkvæmi við öll innkaup.

Við innkaup og rekstur samninga skal taka tillit til sjálfbærnisjónarmiða eins og unnt er, s.s. gæða, heilbrigðis-, mannréttinda-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða.

2. gr. Gildissvið

Innkaupareglur þessar gilda um öll verkefni samgöngusáttmálans, þ.m.t. verkefni sem boðin verða út af Vegagerðinni fyrir Betri samgöngur.

3. gr. Ábyrgð

Ábyrgð á innkaupum eru á hendi forstöðumanns þeirrar einingar innan Betri samgangna sem stendur fyrir innkaupum hverju sinni.

Áður en ráðist er í innkaup skal viðkomandi forstöðumaður tryggja að viðeigandi fjárhagsheimildir séu fyrir hendi.

4. gr. Lög og reglur um innkaup

Við innkaup skal þess gætt að ákvæðum laga og reglugerða sé fylgt s.s. lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu.

Verkefnastjóri innkaupa veitir aðstoð og ráðgjöf við beitingu og túlkun laga og reglugerða.

5. gr. Heimildir og umboð

Stjórn samþykkir árlega rekstrar- og fjárfestingaáætlun og skulu öll innkaup rúmast innan hennar, nema stjórn ákveði annað.

Forstöðumenn einstakra eininga hafa umboð til að skrifa undir samninga um innkaup sem rúmast innan rekstrar- og fjárfestingaáætlunar.



**6. gr.
Innkaupaaðferðir**

Við innkaup skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- **Útboð**, eða önnur lögbundin innkaupaferli
- **Verðfyrirspurn.**
- **Beinn samningur eða pöntun** án undangengins útboðs eða verðfyrirspurnar.

**7.gr.
Hvenær útboð skal viðhaft**

Útboð skal að jafnaði viðhaft þegar um er að ræða:

- **Vörukaup yfir 20.866.000 kr.**
- **Þjónustukaup yfir 20.866.000 kr.**
- **Verklegar framkvæmdir yfir 58.543.000 kr.**

Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts og skulu próast í takt við fjárhæðir í lögum um opinber innkaup.

Heimilt er, með samþykki stjórnar, að víkja frá því að beita útboði þótt áætluð fjárhæð innkaupa sé umfram framangreindar fjárhæðir ef ekki er hægt að koma útboði við eða aðrar málefnalegar ástæður réttlæta. Þessi undantekning á þó ekki við þegar skylt er skv. lögum að bjóða út. Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum skal að jafnaði beita verðfyrirspurnum til a.m.k. tveggja aðila, nema um smáinnkaup sé að ræða eða önnur málefnaleg sjónarmið réttlæti bein innkaup eða pöntun.

**8. gr.
Hátternis- og hæfisreglur**

Við undirbúning innkaupa og áður en útboð hefur verið auglýst er heimilt að hafa samband við einstaka birgja í því skyni að afla upplýsinga og kanna hvernig best verður staðið að innkaupum og auka almenna þekkingu starfsfólks á lausnum sem markaðurinn býður. Í öllum slíkum samskiptum skal gæta að því að viðkomandi fái ekki upplýsingar sem geti veitt honum forskot í útboðsferli.

Eftir að útboð hefur verið auglýst skal starfsfólk Betri samgangna forðast að hafa bein samskipti við birgja eða mögulega þátttakendur í útboðsferli. Beina skal öllum fyrirspurnum sem berast inn á útboðsvef Betri samgangna.

Hvorki starfsfólki né stjórnarfólki er heimilt að eiga aðild að ákvörðunum um innkaup er varða aðila sem þau eru náskyld eða í hagsmunatengslum við.

Starfsfólki er óheimilt að þiggja boðsferðir (fjármagnaðar af ytri aðila) eða gjafir sem tengjast viðskiptum birgja við Betri samgöngur, nema með sérstakri heimild framkvæmdastjóra hverju sinni.

Allt starfsfólk fyrirtækisins, er kemur að innkaupum, skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.

Samþykkt af stjórn Betri samgangna 13. mars 2025.